

Mál nr. 421/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. desember 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 22. desember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Tölvupóstur M, dags. 2. janúar 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á húseign M hinn 18. október 2022 þegar flæddi upp úr niðurföllum í húseigninni. Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar frá M um það tjón og lýsing hennar á aðstæðum í öðrum húseignum hennar í sveitarfélaginu X á liðnum árum.

M telur að sveitarfélagið X beri skaðabótaábyrgð á tjóni í húseign hennar þar sem lögnum sveitarfélagsins hefi ekki verið haldið við eða þær lagfærðar þrátt fyrir vatnstjón á svæðinu. M telur ljóst orsök tjóns hennar sé í lögnum sveitarfélagsins sem hafi í greint sinn sent dælubíl til að losa um stíflu og hafi þannig viðurkennt greiðsluskyldu sína. M telur einnig að starfsmönnum X sé kunnugt um að lagnir séu ónýtar eða mjög lélegar og vísar hún til orða starfsmanna sveitarfélagsins um það. Einnig vísar M til þess að engin tillaga um úrbætur liggja fyrir. M vísar þar að auki til þess að V hafi bætt sambærilegt tjón hjá öðrum tjónþola.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að á tjónsdegi hafi myndast stífla í lög frá heimtaugarbrunni og að stofnlögn í götu. Einnig vísar V til þess að samskipti hafi átt sér stað daginn fyrir tilkynntan tjónsdag milli M og X þar sem M hafi verið að biðja um teikningar vegna staðsetningar brunns við húseign hennar þar sem hún væri að lenda í „stífluveseni í lögnunum“ á húseign hennar. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á vanrækslu af hálfu X, mistök eða aðra háttsemi sem leitt geti til skaðabótaábyrgðar X og þannig greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki staðfest með nokkrum gögnum að ástand lagna í sveitarfélaginu X hafi verið með þeim hætti að tjón á húseign M megi leiða af vanrækslu starfsmanna sveitarfélagsins að bregðast við eða sinna viðhaldi. Frásögn M, án frekari gagna til staðfestingar, eða það sem hún hefur eftir óþekktum starfsmönnum X án gagna því til staðfestingar, eru ekki næg sönnunargögn um ástand eða viðbrögð sveitarfélagsins. Þannig verður ekki, m.v. fyrirbyggjandi gögn, talið sannað að tjón á húseign M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir